JÁRNALÖGN

Stálvirki er samkvæmt ÍST/DS 412

Stál merkt K er kambstál KS 40 með skriðmörk = 400 N/mm^2
Stál merkt KS er suðuhæft kambstál KS 40S með skriðmörk = 400N/mm^2
Stál merkt R er slétt stál St 37 með skriðmörk = 240 N/mm^2
Rafsoðin stálnet skulu hafa skriðmörk a.m.k 500 N/mm^2

Endi á járni er beinn

Endi á járni krókbeygist

Járn beyglst skeytilengd inn í aðliggjandi vegg eða plötu

Járn í efribrún plötu

Járn í neðribrún plötu

5K10–30 L=800 — Táknar 5 stangir af 10 mm kambstáli er leggist með 20 sm millibili Klippilengd stanga er 800 sm.

Táknar að járn samsíða pílunni leggist neðst í neðribrún plötu en efst í efri brún plötu

Táknar að járn leggist yfir það svæði sem strikið spannar.

Skeytilengd járna í plötum og veggjum sé ekki minni en 40 x þvermál járns, nema annað sé sýnt á teikningum.
Mest má skeyta þriðja hvert járn í sama sniði.
Í súlum og bitum er skeytilengd járna sýnd á teikningum.

Umhverfis op í veggjum komi (nema annað sé sýnt):
Upp með og undir op komi 2K10 L=60+op+60, yfir op komi 2K12 L=60+op+60

Umhverfis op í plötum komi (nema annað sé sýnt) 2K12 L=60+op+60, þó aldrei minna en það járnamagn er klippist burt.
Í veggenda komi 2 K12 lóðrétt.



BEYGING JÁRNA: LYKKJUR

St. 37 eða KS 40S
SJÁ EINNIG ÍST 10 I 6.2

BEYGING JÁRNA: UPPBEYGJUJÁRN

Beygjuskífa fyrir uppbeygju á langjárnum í súlum, bitum og plötum skal hafa þvermál, d=20 x þvermál járns.



TENGING JÁRNAGRINDA (d er þvermál járns)

HORN, TVÖFÖLD GRIND



HORN, EINFÖLD GRIND



TÉ. TVÖFÖLD GRIND



STEINSTEYPA

BROTÞOLSFLOKKUR STEYPU:

BYGGINGARHLUTI	BROTÞOLSFLOKKUR	SIGMÁL	FRAMKVÆMDA FLOKKUR
Undirst. og jarðgólf.	S 200	5–8 sm.	B
Sökklar og útveggir	S 250	5–8 sm.	B
Bendiplötur innanhúss	S 250	3–5 sm.	B
Innveggir	S 200	5–8 sm.	B
Svalagólf og stéttar	S 300	3–5 sm.	B

FRAMKVÆMDAFLOKKUR: SJÁ ÍST 10 I 8

STEYPUVINNA: SJÁ ÍST 10 I 7

LOFTBLENDI: Í ALLA STEYPU SKAL BLANDA LOFTBLENDI ÞANNIG AÐ LOFTINNIHALD VERÐI 5–6%

EKKI SKAL NOTA ÍBLÖNDUNAREFNI Í STEYPUNA ÁN SAMRÁÐS VIÐ HÖNNUÐ BURÐARVIRKIS.

STÆRSTA KORNASTÆRÐ MALAR: 19 mm Í JÁRNBENTUM VEGGJUM.
32 mm Í JÁRNBENTUM PLÖTUM.

SÉRÁKVÆÐI UM VEÐRUNARÞOLNA STEYPU

STEYPUSTYRKLEIKI ≥ S 250
SEMENTSMAGN Í 1m^3 STEYPU ≥ 300 kg/m^3
VATNSSEMENTSTALA v/s ≤ 0.55
LOFTINNIHALD SÉ A.M.K. 5% VIÐ NIÐURLÖGN
FJARLÆGÐARSTUÐULLN LOFTS ≤ 0.25 mm

TIMBURVIRKI

Timburvirki er samkvæmt ÍST/DS 413
Burðarviðir (sperrur, gólfplankar o.þ.h) skal vera í styrkleikaflokki K18 (T 20)
Timburstærðir eru í millimetrum.
Límtré sé í gæðaflokki L40.
Sperruefni skal vera beint, húspurrt og laust við stóra kvisti.
Bera skal fúavarnarefni á alla sperruenda, svo og þær sperrur sem festast eða liggja við stein.
Fúavarnarefnið skal borið á sperrurnar meðan þær eru þurrar.
Þar sem timbur leggst að steinsteypu skal setja eitt lag af tjörupappa á milli.
Allir festihlutir úr járni skulu vera heitgalvanhúðaðir, nema annað sé sýnt á sérteikningu.
Undir allar boltarær sem herðast að timbri komi skífur með þvermál 3 x d og þykkt 0.3 x d, (d er þvermál boltans).

N 38/100 táknar venjulegan kantaðan saum 3.8 mm sveran og 100 mm langan
K 40/40 táknar kambsaum 4.0 mm sveran og 40 mm langan
S 6.0x100 táknar tréskrúfur með ytra þvermáli gengja 6 mm og 100 mm langa
F 10x120 táknar franska skrúfu með þvermál 10 mm og 120 mm langa
M12x150 táknar 12 mm bolta með sexköntuðum haus og 150 mm langan

Krossviður er notast t.d í laska eða stífingar skal vera vatnsþolinn og minnst 5 laga.

KAMBSTÁL Í BITUM, BIL MILLI STANGA OG STEYPUHULA



Steypuhula:
Innanhúss (lítill raki) 15 mm
Utanhúss (gildir almennt nema að annað sé sýnt) 25 mm
Þar sem hætta er á seltu vegna t.d sjóroks 35 mm
Þar sem steypt er beint að jarðvegi 50 mm
Fjarlægð járna frá yfirborði steypu skal þó aldrei vera minni en 1.5d+5 mm

ALMENNT

Hæðir eru í metrum og eru í hæðarkerfi viðkomandi bæjarfélags.

10,00 — Táknar hæð 10,00 m í sniðmynd.

9,00 — Táknar hæð á plötu 9,00 m í grunnmynd.

Járnastærðir eru í millimetrum.

Timburþvermál eru í millimetrum.

16 — Táknar að þykkt plötu sé 16 sentimetrar.

Á grunnmyndum af plötum er sniðið tekið undir þeirri plötu sem sýna á.

ÁLAGSFORSENDUR

Öryggi mannvirkja er samkvæmt ÍST/DS 409
Eiginþungi, notálag, snjóálag og vindálag er samkvæmt ÍST 12.
Jarðskjálftaálag er samkvæmt ÍST 13.

GRUNNUR

Álag á grunn er samkvæmt ÍST 15
Grafið er út fyrir húsgrunni niður á fastan óhreyfðan jarðveg.
Grafa skal jafn langt útfyrir undirstöður og dýpt útgraftar er.
Grunnur skal hreinsaður vel áður en fyllt er í hann.
Fyllt skal í grunn með möl er vélþjappist í vættum lögum. Fara skal eftir fyrirmælum á Rb–blöðum um efni og vinnu við þjöppun.
Þjöppun á fyllingu skal vera 100% Standard Proctor.
Þegar fyllt er innan í sökkla skal þess gætt að fyllt sé báðum megin við sökkulveggi.

Fara má eftir eftirfarandi töflu um þjöppun nema annað komi fram á teikningum eða í verklýsingu.

Tæki	Lagþykkt (sm)	Fjöldi yfirferða.
10 tonna víbróvaltari	80	6
5 tonna víbróvaltari	40	6
0.5 tonna víbróplata	30	4
0.1 tonna víbróplata	20	4
15 tonna ýta	25	6
10 tonna bíll	25	6

Þakklæðning (negling)

Borðaklæðningu og þakstál skal negla í samræmi við Rb– blöð nr. Rb. (47). 103. Negling skal þannig útfærð að hún verði 50 % þéttari við þakbrúnir og 100 % þéttari á hornum.

Svarfaðardalur, Dalvíkurbyggð

H.S.Á. TEIKNISTOFA / HARALDUR ÁRNASON
KT: 120149–2539
DALSBRAUT 1 – 600 AKUREYRI – SÍMI 462–5777

Har. Árnason

VERKHEITI: Einbýlishús á löðvik landi Öldutrygg.jar				
HEITI TEIKNINGAR: Skýringar vegna burðarvirkis.				VERK NR 00-302 / TEIKNING NR 1700
HANNAÐ HÁ	TEIKNAÐ HÁ	YFIRFARIÐ	DAGS 20.06.00	KVARÐI enginn
BREYTT	1	2	3	4